

20. ágúst 2010  
SI-65252

Nefndasvið Alþingis  
nefnasvid@althingi.is  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, sbr. lög nr. 24/2009, 563. mál.

Með tölvupósti dags. 7. júní 2010, óskaði allsherjarnefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur m.a. fram að í því sé lagt til að felld verði brott 2. mgr. 63. gr. a laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Í 1. mgr. ákvæðisins er einstaklingi veitt heimild til að leita nauðasamnings til greiðsluaðlögunar ef sýnt er fram á að hann verði um fyrirséða framtíð ófær um að standa í skilum með skuldbindingar sínar. Í 2. mgr. er gildissvið ákvæðisins þrengt þannig að heimildin nái ekki til einstaklinga sem undanfarin þrjú ár hafi borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi. Hafi einstaklingurinn hins vegar hætt atvinnurekstrinum og skuldirnar sem stafa af honum eru aðeins lítill hluti af heildarskuldum einstaklingsins getur hann þó leitað nauðasamnings til greiðsluaðlögunar. Flutningsmenn frumvarpsins telja m.a. að þau skilyrði sem sett eru í ákvæðinu gangi mun lengra en sanngjarnt er og að líklegt sé að ákvæðið nýtist ekki eins og því var ætlað.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið, og biðst velvirðingar á því hversu síðbúið svarið er.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri

Sigríður Logadóttir  
aðallögfræðingur